

Alþingi
Erindi nr. P/138/956
komudagur 22.1.2010



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. janúar 2010
Mál nr. 0902006

Efni: Umsögn um 244. mál, lögskráning sjómanna

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna, 244. mál. Frumvarp um sama efni var lagt fram á 136. löggjafarþingi og gerðu samtökin ýmsar athugasemdir við það frumvarp í umsögn sinni frá 4. mars 2009.

Samtökin eru fylgjandi því að taka upp rafræna lögskráningu og að það verði lögskráð á öll skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna hefur tekið ýmsum breytingum frá fyrra frumvarpi, 290. mál, og tekið hefur verið tillit til margra atriða sem er til bóta. Engu að síður eru nokkur atriði sem standa eftir sem gerðar eru athugasemdir við:

Engin rök standa til þess að heimila áfram að undanþiggja áhafnir tiltekinna skipa frá lögskráningarskyldu, skv. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Sérstaklega með hliðsjón af því að markmið laganna er að tryggja að lögboðnar áhafnartryggingar séu í gildi, að skipverjar hafi gild réttindi og siglingatími skipverja sé rétt skráður. Þetta á sérstaklega við um farþega- og fristundafiskiskip.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er verið að taka upp nýtt viðmið um undanþágu frá lögskráningarskyldu, þ.e. "Þetta gildi þó ekki í neyðartilvikum." Þetta atriði var ekki skýrt á neinn hátt í fyrra frumvarpi og ekki í þessu. Engin skýring er því á hvað sé átt við með neyðartilvik og við hvaða aðstæður átt er við. Lagt er til að þessi málsliður verði felldur niður. Hann er óþarfur, enda búið að taka tillit til þess að skipstjóri hafi sveigjanleika til að klára lögskráningu innan sólarhrings í undantekningartilfellum.

Mikilvægt er að núgildandi 4. mgr. 13. gr. lögskráningarlaga nr. 43/1987 fái að haldi sér óbreytt: "Sé ráðningu skipverja sannanlega lokið eða hann verður frá störfum vegna slyss eða veikinda eða fer í orlof ber útgerðarmanni eða skipstjóra eigi skylda til að tilkynna viðkomandi skipverja um lögskráningu úr skiprúmi."

Heimildir ráðherra til að setja reglur um öryggisatriði sjómanna eiga heima í lögum um Slysavarnaskóla sjómanna nr. 33/1991, en ekki í lögskráningarlögum. Þannig eiga c., d. og e. liður 7. gr. frumvarpsins að falla niður úr þessu frumvarpi.

Virðingarfyllt,

Friðrik Friðriksson, hdl.